

**3. fundur fræðslunefndar ársins 2011 vegna Undralands, haldinn 4. maí 2011 í leikskólanum, kl. 16:00.
6. fundur á kjörtímabilinu 2010-2014.**

Mætt: Helgi Jóhannesson formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson, Gunnar Þór Jóhannesson, Halldóra Halldórsdóttir leikskólastjóri, Hanna Björk Grétarsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Inga Jóna Hjaltadóttir, fulltrúi foreldra.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla leikskólastjóra.**
- 2. Beiðnir um undanþágur vegna vistunar yngri barna.**
- 3. Rekstur. Staða og horfur.**
- 4. Foreldraráð.**
- 5. Önnur mál.**

Formaður setti fund og bauð viðstadda velkomna og þá sérstaklega nýjan fulltrúa foreldra, Ingu Jónu Hjaltadóttur. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla leikskólastjóra.

- Leikskólinn átti 29 ára afmæli þann 6. apríl, og héldum við upp á daginn með söng og poppveislu og svo var flaggað fyrir afmælisbarninu.
- Starfsmannamati er að mestu leyti lokið og nýttum við okkur starfsmannafundi til að fara yfir niðurstöður matsins, almenn ánægja er á meðal starfsmanna og allir sammála að gott starf er unnið í leikskólanum, en að sjálfsögðu er alltaf hægt að bæta sig, ekkert leikskólastarf er fullkomið.
- Starfið hjá okkur í apríl helgaðist af umræðum og skapandi starfi um páskahátíðina. Séra Eiríkur kom líka til okkar og sagði okkur sögur um páskana og kenndi okkur söngva. Eiríkur hefur líka boðið okkur í heimsókn að Hruna bæði til að skoða kirkjuna og lömbin.
- Við frestuðum Vorhátíðinni um mánuð, vegna snjóalaga á síðasta vetrardag. Okkar hugmynd að vorhátíð er að allir geti leikið úti í stöðvum og að borða grillaða hamborgara úti, ný dagsetning á vorhátíðinni er 27. maí og væntum við þess að veðrið leiki við okkur.
- Foreldrasamtöl eru í þessari viku og er foreldrakönnun lögð fyrir foreldra.
- Við höfum skráð okkur til leiks í áttakinu Hjólað í vinnuna. Og er það von okkar að það efli hreyfingu starfsmanna og auki vellíðan.
- Starfsmannabreytingar verða núna í maí, Ragnheiður Ósk hættir störfum og Erla bætir við sig og kemur í hennar stað.
- Garðyrkjuvikan verður núna í maí í samstarfi við Flúðaskóla, elstu börnin fara og taka þátt í niðurstöðum grænmetis og grunnskólabörn koma til okkar í niðurstöðum kartafna.
- Vorsýning verður haldinn 20. maí kl. 15:00-17:00 börnin syngja nokkur vel valin lög í tilefni dagsins kl. 15:30 og er fræðslunefnd hér með formlega boðið.
- Mikill áhugi er fyrir námsferð á næsta skólaári og hefur sú umræða verið í mörg ár. Nú langar okkur að nýta okkur námsferð Flúðaskóla og fara í samfloti með þeim, við munum heimsækja leikskóla og grunnskóla. Það sem við sjáum fram á að græða er hópefli, nýjungar í skólastarfi, nýja sýn, hvatning til að gera enn betur, hugmyndir af verkefnum, hugmyndir af skipulagi og svo margt fleira, svo ekki sé talað um hópefli starfsfólks á milli skólastiga.

2. Beiðnir um undanþágur vegna vistunar yngri barna.

Leikskólastjóri lagði fram þrjár beiðnir um vistun yngri barna á næsta skólaári, alls 4 börn. Á grundvelli 6. gr. vistunarreglna leikskólans og þess að svigrúm er innan leikskólans til að verða við ósk umsækjenda, samþykkir fræðslunefnd að verða við beiðnunum.

3. Rekstur. Staða og horfur.

Leikskólastjóri fór yfir rekstur leikskólans. Rætt var um horfurnar í rekstrinum næstu mánuði. Samþykkt að leikskólastjóri, formaður og sveitarstjóri fari yfir einstaka liði áætlunarinnar.

4. Foreldraráð.

Leikskólastjóri lagði fram beiðni til fræðslunefndar þar sem farið er fram á að foreldraráð leikskólans verði lagt niður á grundvelli 11. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla, þar sem kveðið er á um heimild um undanþágu frá stofnun foreldraráðs vegna fámennis leikskóla. Fræðslunefnd samþykkir að leggja ráðið niður, sem áður var sameiginlegt fyrir leik- og grunnskóla. Fyrirkomulagið hentaði ekki og því var farið fram á undanþáguna.

5. Önnur mál.

- a. **Ársskýrsla leikskólastjóra og starfsáætlun.** Leikskólastjóri skýrði frá efni fundar leikskólastjóra á Suðurlandi sem haldinn var í gær. Þar var m.a. rætt um tímamörk á skilum á skýrslum leikskólastjóra fyrir liðið skólaár sem og starfsáætlun fyrir komandi skólaár. Samþykkt að skýrslu um liðið skólaár sé skilað í ágúst og skýrslu um komandi skólaár sé skilað í september, ár hvert.
- b. **Skóladagatal Undralands 2011-2012.** Leikskólastjóri lagði fram skóladagatal leikskólans fyrir næsta starfsár. Dagatalið hefur verið samþykkt af starfsfólki og á síðasta fundi foreldraráðs. Við gerð dagatalsins var höfð hliðsjón af dagatali Flúðaskóla. Fræðslunefnd samþykkir dagatalið.

Engin önnur mál tekin fyrir.

Fleira var ekki gert.
Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17.00.